

ATRIÐASKRÁ

- 3** Kveðja frá skátahöfðingja
- 4** Stjórn og starfsfólk BÍS
- 10** Kjarnastarfsemi BÍS
 - 10 Stefna
 - 12 Stuðningur
 - 22 Skátastarf
 - 27 Sjálfbóðaliðar
- 38** Dótturfélög BÍS
- 42** Samstarfsvettvangur BÍS
- 44** Ársreikningar

Bandalag íslenskra skáta | Hraunbær 123, 110 Reykjavík | Sími 5509800
skatarnir@skatarnir.is | www.skatarnir.is



LEIÐTOGAR Í 100 ÁR

Í öllu umróti heimsins og sveiflum heimsfaraldursins hafa skapast tækifæri til endurskoðunar, grósku og uppbyggingar.

Eins og allt skátastarf hefur starfsemi Bandalags íslenskra skáta sannarlega uppfyllt skilyrði allra verkefna skáta, að vera ævintýraleg, skemmtileg, krefjandi og aðgengileg eða Æ-S-K-A.

Það var ævintýralegt að sjá öll nýju leiðtoga-námskeiðin ná nýjum sessi í starfsemi ungmennanna okkar. Flottur hópur efnilegra foringja kláraði Gilwell vegferðina eftir nokkurra ára hlé og tóku þau þátt í námskeiðum bæði hér heima og í Slóveníu. Í fyrsta sinn sáum við leiðbeinendasveitina halda leiðtogaþjálfun fyrir fálkaskáta, en fálkaskátaforingjar Skjöldunga tóku vel í beiðnina að vera fyrsta sveitin til að prófa Fálkakraft í sínu skátaheimili og heppnaðist sú helgi afskaplega vel.

Það var líf og fjör á Úlfjótsvatni í sumar, en fjöldi barna skemmtu sér á drekaskátamóti, Skátasumrinu og í Sumarbúðum skáta en sú starfsemi er loksins að festa sig aftur í sessi í Undralandinu okkar. Það var bros á öllum börnum sem heimsóttu undirritaða í sjúkragæsluna þetta sumarið, þrátt fyrir rispuð hné, snúna ökkla og magapestir.

Fjöldisjálfbóðaliðasýndustyrkhreyfingarinnar í umgjörð og framkvæmd allrar dagskrár, og svo skemmtilegt var að fylgjast með hópnum njóta þess að vinna saman og skapa ævintýraheim.


Ferð íslenskra skáta á alheimsmótið í Suður Kóreu var eflaust það allra mest krefjandi verkefni sem skátar hafa tekist á við undanfarin ár. Fararstjórn, sveitarforingjar, IST liðar og viðbragðsteymi heima á Íslandi unnu í sameiningu stórvirki í afar krefjandi aðstæðum og síbreytilegu upplýsingaflæði og upplýsingaleyfi á meðan mótinu stóð. Hver einasti skáti í ferðinni þurfti að læra að bregðast við hita, raka, bitum, skorti, skipulagsleysi og á sama tíma að styðja hvert annað, hjálpast að og halda gleðinni gangandi þrátt fyrir áskoranir mótsins því skátinn tekst jú á við hverja áskoran með brosi á vör, eða að minnsta kosti gerir sitt besta til að reyna. Það má þó ekki draga úr því að fyrir mörg var ferðin þrautaraun. BÍS hefur lagt sitt á lóðarskálarnir í endurmati WOSM á mótinu og það samtal mun halda áfram á heimspingi WOSM í sumar.

Aðgengileiki skátastarfs tók miklum framförum þegar verkefnastjóri inngildingar tók til starfa og ásamt starfsfólki Guluhlíðar

frístundaheimilis Klettaskóla settu á fót skátanámskeið í sumarstarfinu og fasta skátafundi í kjölfarið síðasta haust. Með þessu starfi geta nú börn með miklar fatlanir tekið þátt í skátastarfi á sínum forsendum í aðstæðum sem styðja við þau og efla. Drifkrafturinn að þessu mikilvæga frumkvöðlaverkefni er aðdáunarverður og hvetjandi fyrir alla skáta til að líta á aðgengileika skátastarfs almennt.

Skátastarf á Íslandi hefur nú náð þeim árangri að öll dagskrá, fræðsla og umgjörð hefur fengið upplýftingu og það er ekkert sem stöðvar okkur í að klífa næsta tind sem er að efla aftur skátastarf á landsbyggðinni og gefa þannig enn fleiri börnum og ungmönnum tækifæri til að eflast og dafna á eigin forsendum, í heimabyggð.

Í ár á Bandalag íslenskra skáta 100 ára afmæli. Við höfum verið leiðtogar í æskulýðsstarfi í 100 ár. Hvert ætlum við næstu 100 ár? Látum skátalogan lýsa okkur veginn.



Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

STJÓRN, STARFSFÓLK OG FASTARÁÐ



STJÓRN BÍS

Skátahöfðingi

Harpa Ósk Valgeirsdóttir

hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir,
kjörin 2022

Gjaldkeri

Sævar Skaptason

framkvæmdastjóri, fyrst kjörinn 2019

Meðstjórnandi

Guðrún Stefánsdóttir

hjúkrunarfræðingur, kjörin 2022

Meðstjórnandi

Huldar Hlynsson

nemi, fyrst kjörinn 2020

Meðstjórnandi

Unnur Líf Kvaran

málfræðingur, kjörin 2022

Meðstjórnandi

Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

félagsfræðingur, kjörin 2023

Meðstjórnandi

Þórhallur Helgason

kennari og forritari, kjörinn 2020

SKÁTAMIÐSTÖÐIN



Ragnar Þór Þrastarson

Framkvæmdastjóri BÍS, Skátabúðarinnar, Úlfliótsvatns og Skátamóta

Ragnar Þór tók til starfa sem framkvæmdastjóri í maí 2023. Hann stýrir daglegum rekstri Skátamiðstöðvarinnar, framþróun Skátabúðarinnar og Úlfliótsvatns ásamt því að fylgja eftir verkefnum Skátamóta. Allt þetta er gert í nánu samstarfi við lykilstarfsmenn og stjórnendur hvers dótturfélags og stjórnar BÍS.

Hann er í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi. Áherslur Ragnars í starfi er að byggja sterkar stoðir undir hverja rekstrareiningu, koma á nánu samstarfi sjálfbóðaliða og stjórnenda ásamt því að veita stuðning við skáta almennt og skátafélög.



Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Skátahöfðingi

Frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra starfaði Harpa samhliða honum fram á haustmánuði á meðan aðlögun fór fram.

Frá því í nóvember hefur hún sinnt ákveðnum verkefnum skrifstofunnar sem snúa að trúnaðarmálum, mannauðsmálum sjálfbóðaliða og öðrum félagsmálum í hlutastarfi.



Halldóra Inga Ingileifsdóttir

Fjármálastjóri

Halldóra er fjármálastjóri BÍS og dótturfélaga. Hún vinnur náið með framkvæmdastjórum og stjórnnum BÍS og dótturfélaga. Sem fjármálastjóri sér Halldóra um fjármálaumsýslu, greiðslu reikninga, gerð fjárhagsáætlana og spilar stórt hlutverk í þeirri vegferð að ramma inn og endurskipuleggja fjármál BÍS og dótturfélaga.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN



Hilda Ösp Stefánsdóttir

Bókari

Hilda er bókari BÍS og dótturfélaga og vinnur með framkvæmdastjórum þeirra og fjármálastjóra ásamt stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS.

Hennar helstu verkefni snúa að innheimtu og færslu bókhalds BÍS og dótturfyrirtækja þess. Hilda sér um launavinnslu hjá BÍS, Skátamótum og Úlfjótavatni. Hún aðstoðar við yfirlestur efnis áður en það er gefið út af BÍS og miðlar mikilvægri reynslu sinni til starfsmanna og stjórnenda BÍS.



Katrín Kemp Stefánsdóttir

Verkefnastýra fræðslumála

Katrín er verkefnastýra fræðslumála, hún hefur yfirumsjón með fræðsluefni og námskeiðaframboði á vegum BÍS. Katrín vinnur að markmiðum BÍS um Skátaskólann og er í nánú samstarfi við sjálfboðaliðana sem mynda stjórn skólans.

Hún vinnur líka með leiðbeinendasveit BÍS sem sinnir skipulagi og framkvæmd námskeiða með dyggum stuðningi hennar. Katrín hefur tekið þátt í endurskipulagi Gilwell þjálfunarinnar og stofnun nýju Gilwell sveitarinnar.

Katrín og erindrekar BÍS vinna líka oft saman að átaksverkefnum sem snúa að fræðslu- og þjálfunarmálum. Katrín er partur af teymi skrifstofu skátamiðstöðvarinnar og tekur þátt í hinum ýmsu verkefnum.



Kolbrún Ósk Pétursdóttir

Viðburða og fjáröflunarstýra 2023

Kolbrún Ósk hefur verið skipuð mótsstjóri landsmóts 2024. Hún hefur verið ráðin í hlutastarf á skrifstofu BÍS til að sinna undirbúningsverkefnum fyrir mótið sem áður féllu í skaut viðburðastjóra til viðbótar við sjálfboðaliðastarf hennar sem mótsstjóri.

Auk þess sér Kolbrún um samskipti og stuðning við fararstjórnir á alheimsmótið í Suður Kóreu 2023 og á Röverway 2024.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN



Rita Osório

Kynningarmálastýra

Rita stýrir ímyndarmálum og markaðsmálum BÍS og sumra dótturfyrirtækja þeirra.

Hún stýrir samfélagsmiðlum og býr til skemmtilegt efni til að sýna frá starfinu fyrir BÍS, ÚSÚ og aðstoðar Skátabúðina, Græna skáta og Skátamót.

Rita vinnur einnig að því að lyfta heimasíðum BÍS og dótturfyrirtækja í nýjar hæðir, búa til nútímalegt og lifandi kynningarefni fyrir skátafélögin og að gera stuðningsefni fyrir skátaforingja og aðra sjálfbóðaliða aðgengilegt og flott. Hún tekur einnig myndir og myndbönd úr starfi BÍS.



Sigurgeir B. Þórisson

Erindrekar

Erindrekar BÍS vinna með sjálfbóðaliðum skátahreyfingarinnar og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt.

Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka allskyns átaksverkefnum sem miða að því að styðja sjálfbóðaliða í þeirra hlutverkum s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi.

Erindrekar vinna líka að því að fjölga bæði sjálfbóðaliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst



Sædís Ósk Helgadóttir

Erindrekar

skátastarf nú þegar. Í slíkum verkefnum bjóðast þau að koma hvert á land sem er að kynna starfið fyrir áhugasömum sjálfbóðaliðum og þátttakendum, halda námskeið fyrir nýja sjálfbóðaliða og reka dagskrá fyrir þátttakendur í nokkur skipti.

Sigurgeir lagði áherslu á yfirsýn verkefna, vinnslu gæðaskjala og skjölun ásamt því að leiða vinnu gæðamála bandalagsins. Sigurgeir hætti störfum í desember 2023 og þakkar BÍS honum fyrir óeigingjarna vinnu og gríðarlega gott framlag hans síðastliðin ár.

Sædís þarf ekki að kynna, en hún er í dag að leiða erindrekstur hjá BÍS og spilar þar veigamikil hlutverk og auk almennra verkefna, þá er Sædís mikið að stýra tilfallandi verkefnum varðandi ráðuneyti og styrkumsóknir svo eitthvað sé nefnt.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN



Úlfur Kvaran

Sölu- og markaðsfulltrúi Skátabúðarinnar

Úlfur hefur stutt uppbyggingu Skátabúðarinnar árið 2023 og gengið vel. Hans viðvera og reynsla í sölu hefur aukið þjónustu Skátabúðarinnar og mun hafa góð áhrif á vörupróun hennar ásamt því að undirbúa sölu veitinga á Landsmóti 2024.

Árið 2023 er fyrsta árið í lengri tíma þar sem starfsmanni er helgað það hlutverk að hlúa að búðinni okkar og erum við öll spennt að sjá hvaða spennandi vörur Úlfur býður upp á næst.



Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Inngilding og farsæld barna

Þórhildur leiddi verkefni Inngildingar og farsæld barna með sérstakri áherslu á börn í viðkvæmri stöðu. Ráðist var í sumarskátastarf í mismunandi frístundaheimilum, fjölskylduskátadagur fyrir fjölskyldur frá Úkraínu skipulagður á Úlfjótavatni og boðið var upp á víðtæka fræðslu fyrir sjálfboðaliða skátahreyfingarinnar.

Markmiðið er enn að koma af stað skátastarfi í frístund, styrkja ferla og endurbæta gamalt efni, sem er afleiðing af þessu verkefni sem Þórhildur leiddi. Þórhildur hætti störfum í desember 2023 og nú er verið að fjármagna verkefnið til lengri tíma.

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚFLJÓTSVATNI



Javier Paniagua Petisco

Rekstrarstjóri

Pani sér um að framfylgja stefnu BÍS á Úlfjótavatni, starfsmannahaldi og daglegum rekstri staðarins í samráði við framkvæmdastjóra BÍS. Hann sér um markaðsstefnu staðarins ásamt því að halda vexti og þjónustustigi heilbrigðu. Pani stýrir öllu starfsfólki á Úlfjótavatni og sér til þess að skapa öruggt og gott umhverfi fyrir starfsfólk Úlfjótsvatns.

Pani er talsmaður Úlfjótsvatns í samráði við stjórn BÍS.

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI



Matthew Dineen

Dagskrár- og samhæfingarstjóri

Matthew sér um dagskrár- og samhæfingarmál innan Útilífsmiðstöðvarinnar á Úlfljótavatni.

Sem slíkur ber hann ábyrgð á allri dagskrá, frá viðburðum og skólabúðum til sumarþúða. Matthew sinnir viðskiptavinum miðstöðvarinnar frá fyrstu samskiptum til enda og sér til þess að öll fari glöð eftir dvöl sína á staðnum.

Einnig sér Matthew um samhæfingu teyma á Úlfljótavatni og stýrir teyimum sjálfboðaliða Úlfljótavatns.



Sjöfn Ingvarsdóttir

Skóla- og sumarþúðastýra

Sjöfn er ábyrg fyrir skipulagningu, framkvæmd og endurmati á skóla- og sumarþúðum Úlfljótavatns.

Hún er talsmaður skóla- og sumarþúða ásamt því að eiga í samskiptum við viðskiptavini. Sjöfn sér um endurmat og breytingar alls sem kemur að skóla og sumarþúðum á Úlfljótavatni.



Tero Marin

Tjaldþúða- og svæðisstjóri

Tero er þúsundþjalasmiður sem sér um skipulagningu og framkvæmd almenns viðhalds á húsnæði og innviðum Úlfljótavatns. Hann sér bæði um inni- og útisvæði ásamt því að sinna tjaldsvæðinu með teymi sjálfboðaliða sem leggja ómælda vinnu í svæðið á ári hverju samkvæmt stefnu Úlfljótavatns.

Tero sér um samskipti við Skógræktina og leiðir verkefni landgræðslu og skógræktar á svæðinu.

KJARNASTARFSEMI BÍS

Stefna

Stefna BÍS til 2025 hefur verið höfð að leiðarljósi þegar kemur að nýsköpun og framþróun skátastarfs á árinu. Eftirfarandi eru dæmi um áherslupunkta ársins eftir köflum stefnunnar:

Fólk

- Fyrstu skrefin voru tekin í skátastarfi fyrir börn með fatlanir og fyrir fyrstu bekkinga í samstarfi við frístundarheimili. Ánægjukönnun var send á alla starfandi foringja í hreyfingunni og er það fyrsta skrefið að halda nánum tengslum við sjálfbærliðana okkar, efla stuðning og þróa úrræði.

- Stjórnkerfi BÍS var einfaldað, vinna hófst hjá stjórn BÍS og skátamiðstöð við nýtt GSAT mat frá WOSM og innleiðingu Safe from harm.

- Áframhaldandi vinna við að kynna og efla þekkingu á siðareglum og viðbragðsáætlun ÆV.

Færni

- Unnið hefur verið af krafti af innleiðingu starfsgrunnansins. Nú hafa bæst við lokamerki hvers aldursbils, könnuðamerkin með tilheyrandi bókum.

- Nýju námskeiðin hafa náð góðri fótfestu. Gilwell námskeiðin hófu aftur göngu

sína og kláraði góður hópur fyrstu umferð í nóvember. Þá var einnig fyrsta leiðtogaþjálfunarnámskeið fyrir fálkaskáta haldið í nóvember þegar Skjöldungar tóku þátt í fyrsta Fálkakraftinum.

- Viðburðahandbók hefur verið hönnuð til að auðvelda sjálfbærliðum vinnu við að taka að sér viðburði á vegum BÍS.

- Ungmenni hafa nú meira en 25% atkvæði á skátapingi og taka þátt í öllum ákvörðunum skátahreyfingarinnar.

Framsýni

- Skátastarf barna með alvarlegar fatlanir er nú fastur liður í Guluhlíð frístundaheimilis Klettaskóla. Unnin voru verkefni til að auka aðgengileika viðburða BÍS og skátastarfs almennt. Mikilvægustu upplýsingarit skátastarfs eru í þýðingu og koma út á árinu.

- Ný útilífsmerki litu dagsins ljós.

- Unnið hefur verið að aðgengileika heimasíðu skátanna og sífelt fleira ítarefni bætist á vefinn í hverjum mánuði. Virkni samfélagsmiðla hefur margfaldast.

FUNDIR

Stjórnarfundir

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hélt 20 bókaða fundi á árinu 2023 auk óformlegra vinnufunda. Allir stjórnarfundir fóru fram í persónu þetta árið þótt stjórnarfolk tæki sumt stundum þátt í gegnum netið.

Fundir framkvæmdaráðs

Í framkvæmdaráði sitja skátahöfðingi og gjaldkeri stjórnar BÍS ásamt fjármála- og framkvæmdarstjóra BÍS. Framkvæmdaráð hélt 5 bókaða fundi á árinu 2023.

Félagsforingjafundir

Einn félagsforingjafundur var haldinn á árinu, þann 13. september 2023 í Hraunbæ 123.

Á fundinum kynnti Ragnar Þór Þrastarson nýr framkvæmdastjóri BÍS sig og áhersluatriði sín fyrir félagforingjum. Úlfur Kvaran fór yfir nýjar vörur og pöntunarfyrirkomulag Skátabúðarinnar og samning BÍS við Rekstrarvörur sem nýtist öllum skátafélögum. Nýtt inngildingarverkefni BÍS var kynnt, erindrekar ræddu um mikilvægi tímanlegrar skráningar á viðburði og átak í rekkaskátastarfi. Farið var yfir stöðu mála eftir ferð skáta á

alheimsmót í Suður Kóreu. Ánægjukönnun til þátttakenda og forsjárfólks kom vel út, helst var kallað eftir bættu skipulagi á starfinu og upplýsingagjöf frá félögunum. Gildi skátastarfs skilar sér vel til forsjárfólks samkvæmt þessari könnun. Að lokum var rætt um nýliðun sjálfboðaliða og félögum boðið að óska eftir vinnusmiðju í sitt félag til að efla nýliðun fullorðinna.

Skátaping 2023

Skátaping fór fram á Akureyri helgina 24.-26. apríl 2023. Dagskrá þingsins var samkvæmt lögum BÍS á ekki kosningarári. Á föstudagskvöldi þings var mikið rými skapað fyrir kynningar á átaksverkefnum og að því loknu voru opnir kynningarbásar. Tilkynt

var um úthlutun úr styrktarsjóði skáta í þágu skáta og kynnt var ný reglugerð um einkenni íslenskra skáta. Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir tók sæti meðstjórnanda en Jón Halldór hafði sagt sæti sínu lausu fyrir þing. Aðild nýs skátafélags að BÍS var samþykkt, Farfuglar á Breiðdalsvík.

6 af 6 lagabreytingartillögum voru samþykktar og fólu í sér bætingu titils hvernar greinar í lögin, breytingar á 16., 20., 25., og 26., grein laga BÍS.

Kynntar voru breytingar á reglugerðum BÍS á utanferðum skáta, einkennismerkjum skáta, um merki BÍS, um landsmót skáta og um hæfi skátaforingja. Skorað var á skátafélög og BÍS að bjóða upp á tíðarvörur fyrir þau sem þurfa á að halda.

Að fundarstörfum loknum var svo mikill tími tekinn frá fyrir umræðuhópa og smíðjur þar sem sóknaráætlun BÍS var unnin, boðið var upp á umræður um fjármál og eignir félaga, lögð til stefnumótun í alþjóðastarfi, rætt um aukið aðgengi að Úlfliótsvatni, hvernig upplýsingjöf til skátafélaga mætti háttu betur, ný hvatamerki voru kynnt, rætt um framtíð Úlfliótsvatns og tækifærin að Hömrum fyrir vetrarskátun.

Þinginu var svo slitið í fallegu vetrarveðri að Hömrum sunnudaginn 26. apríl og fær skátafélagið Klakkur og Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum bestu þakkir fyrir góða framkvæmd þingsins.



Stuðningur

ERINDREKSTUR

Starf erindreka BÍS hefur það markmið að efla félagsstarf skátafélaganna um land allt ásamt því að vera stuðningur við öll þau sem starfa sem sjálfbóðaliðar í þágu skátahefingarinna. Erindrekarnir vinna einnig ýmiss ataksverkefni sem miða að því að fjölga skátum í skátastarfi og að passa upp á gæði innra starfsins ásamt skátafélögum, vinnuhópum, ráðunum og stjórn BÍS. T.d. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu og að vinna að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi.

Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og reyna að miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Þau geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar.

Kveikja

Kveikja er orðinn fastur liður í upphafi starfsárs. Þar er foringjum og stjórnarfólki boðið að koma saman og velta fyrir sér viðfangsefnum og hlutverkum sínum á hátt sem vonast er til að komi að gagni í upphafi starfsárs.

ESC samfélagsverkefni

Skátarnir hlutu styrk frá samfélagsverkefnahluta European Solidarity Corps (ESC) sem miðar að því auka aðgengi barna af erlendum uppruna að skátastarfi. Verkefnið felst í því að bjóða upp á fræðslur fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða, þýða dagskrárefni skáta, kynna skátastarf fyrir foreldrum og forráðafólki og koma á tengslaneti fullorðinna skáta af erlendum uppruna búsett á Íslandi.

Smástyrkir

Bandalag íslenskra skáta fékk tvo smástyrki frá Erasmus fyrir tveimur viðburðum sem miðuðu að því að hvetja skáta til að . Annars vegar stýrði ungmennaráð viðburði sem hét Fjársoðsleitinn þar sem rekkaskátar fengu að taka þátt í risa stórum ratleik um Höfuðborgarsvæðið. Hins vegar var haldinn viðburður sem hét Flóttarýmið þar sem róverskátar og eldri gátu unnið saman að því að leysa ýmsar þrautir og ráðgátur til þess að losna úr læstu rými.



FÉLAGAÞRENNAN

Félagabrennan felur í sér skipulag við stjórnun skátafélaga þar sem þrír aðilar deila með sér ábyrgð á verkefnum sem áður voru að mestu leyti á höndum félagsfóringja og aðstoðarfélagfóringja. Hlutverkin þrjú eru félagsfóringi, sjálfbóðaliðafóringi og dagskrárfóringi. Þessir þrír aðilar sérhæfa sig á sínu sviði innan félagsins. Þeir stýra starfi félagsins ásamt stjórn og einbeita sér að því að styðja við skátastarfið og auka gæði þess ásamt því að vera með gott utanumhald um sjálfbóðaliðana sína.

Er það stefna BÍS að félagabrennan sé starfrækt í hverju skátafélagi og hefur verklagi verið breytt í samræmi við það. Til að mynda er allur tölvupóstur og tilkynningar send beint á viðkomandi þrennufóringja ásamt félagsfóringja, þannig að allt sem viðkemur dagskrármálum verður líka sent á dagskrárfóringja (eða ígildi hans) og allt sem viðkemur fræðslu og sjálfbóðaliðum verður einnig sent á sjálfbóðaliðafóringja (eða ígildi hans).

ÞRÓUN DAGSKRÁR OG STUÐNINGSEFNIS

Könnuðamerkin

Könnuðamerkin byggja á forsetamerkinu. Merkin eru hvatakerfi fyrir skáta og veitir þeim endamarkmið til að vinna að á síðasta ári hvers aldursbils. Dreka-, fálka-, og dróttskátar sem eru að ljúka sínu aldursbili

fá tækifæri á því að gerast könnuðir. Sem könnuðir þurfa þau að vinna að sérstöðum verkefnum yfir starfsárið og halda utan um þau í könnuðamerkjabókinni sinni.

Hæða- og stikumerki

Hæða- og stikumerkin eru áskoranir sem skátar geta unnið að í sínu starfi. Merkjunum er ætlað að hvetja til aukinnar útivistar í skátastarfi. Í hverri ferð er einungis hægt að fá annað hvort eitt hæðamerki eða eitt stikumerki. Það má vinna merkin inn í hvaða röð sem er.

Ánægjukönnun þáttakenda

Ánægjukönnun var send í lok starfsársins 2022-2023 á forráðafólk allra skáta á þáttökualdri ásamt öllum 16-25 ára skátum. Hvatt var til þess að skátar 13 ára og eldri svöruðu könnuninni sjálf. 270 svöruðu könnuninni og voru niðurstöður kynntar á félagsfóringjafundi um haustið.

Ánægjukönnun sjálfbóðaliða

Ánægjukönnun var send út á sjálfbóðaliða skátafélaga í desember, í samræmi við stefnu BÍS til ársins 2025. Sendar voru út tvær kannanir, ein til skátafóringja og önnur til stjórnarmeðlima. 32 svöruðu ánægjukönnun stjórnarmeðlima og 58 svöruðu ánægjukönnun skátafóringja. Ýmislegt fróðlegt og nytsamlegt kom fram í svörum og verða svör nýtt til að bæta upplifun sjálfbóðaliða hreyfingarinnar.

Nýjar sakavottorðsheimildir

Árið 2023 fékkst leyfi frá Sakaskrá ríkisins fyrir auknum upplýsingum úr sakaskrá starfsfólks og sjálfbóðaliða, með veittu leyfi þeirra. Þessi vinna sprettur frá því að mörg íþrótt- og æskulýðsfélög hafa óskað eftir aukinni heimild til uppflettingar í sakaskrá starfsfólks og sjálfbóðaliða en það sem kveðið er um í æskulýðslögum nr. 70/2007. Er það á grundvelli þess að við viljum gæta að öryggi og velferð þeirra barna og ungmenna sem stunda starfið. Vinnan var unnin hjá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Fjölskylduskátabæklingur

Vinna við dagskrárpakka fyrir fjölskylduskáta hélt áfram og verður gefinn út árið 2024. Dagskrárpakkanum er ætlað að styðja skátafélög að koma á fót fjölskylduskátastarfi í sínu félagi.

Leikjavefur skátanna

Nýtt vefsvæði með leikjum hefur verið birt á heimasíðu Skátanna. Þar er nú hægt að finna safn skemmtilegra og frumlegra leikja til að nýta á skátafundum, útilegum eða dagsferðum.

Á vefnum er reynt að setja skemmtilega táknaða umgjörð í kringum hvern leik eða í hið minnsta gefa skátafóringjum fróðleik til að kynna leikin með.

NÝJUNGAR Í STARFI BÍS

Nýjungar í starfi BÍS

Árið 2023 hlaut BÍS styrk fyrir verkefninu “Skátastarf fyrir öll” frá mennta- og barnamálaráðuneytinu sem verkefni í þágu farsældar barna. Verkefnið snýr að því að auka aðgengi að skátastarfi fyrir börn í viðkvæmri stöðu, með áherslu á börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Hluti verkefnisins er að stuðla að innleiðingu skátastarfs í frístundaheimilum svo fleiri börn hafi tækifæri til að upplifa skátastarf í sínu umhverfi ásamt því að stuðla að fræðslu fyrir sjálfboðaliða hreyfingarinnar og þýðingum á útgefnu efni.

Skátastarf í Guluhlíð

Í upphafi sumars hófst vikulegt skátastarf í Guluhlíð en í Guluhlíð eru börn með sérstakar, og oft á tíðum flókna, stuðningsþarfir. Markmið samstarfsins er að börn með ólíkar stuðningsþarfir fái tækifæri til að upplifa skátastarf á eigin forsendum, verja tíma í náttúrunni og takast á við ævintýraleg skátaverkefni við þeirra hæfi.

Skátaval í Krakkakoti

Frístundaheimilið Krakkakot í Reykjavík hófu vikulegt skátaval í sínu starfi í upphafi skólaársins 2023-2024. Ástæða þess að Krakkakot var valið til þátttöku í verkefninu er að hátt hlutfall barna af erlendum uppruna er í nemendahópnum. Starfsfólks Krakkakots fékk fræðslu um Skátastarf áður en valið hófst. Skátavalið var opið öllum börnum í Krakkakoti en þátttakendur voru um 50.



Eftir að spurðist út að Skátarnir væru í tilraunaverkefni með skátastarf í frístund óskaði starfsmaður frístundaselsins Tröllabæ í Mosfellsbæ eftir því að fá að byrja einnig með skátastarf í frístund. Ákveðið var að hafa skátaklúbb svokallaðan þar sem þau börn sem hafa áhuga á að prufa skátastarfið skrá sig í klúbbinn og sækja starfið í 8 vikur í senn – tveir skátafundir á viku.

Skátastarf fyrir fjölskyldur á flóttu

Ákveðið var að leita leiða til að bjóða úkraínskum fjölskyldum upp á ævintýralegt skátastarf, þeim að kostnaðarlausu bæði með því að halda sérstakan fjölskylduskátadag á Úlfliótsvatni en einnig með því að bjóða fjölskyldur frá Úkraínu sérstaklega velkomnar í fjölskylduskátastarf í þeirra nærumhverfi. BÍŠ skipulagði fjölskylduskátadag í Útilífsmiðstöð skáta Úlfliótsvatni sem yfir 40 fjölskyldur sóttu eða um 120 einstaklingar. Þetta er annar slíkur skátadagur sem er haldinn af íslensku skátahreyfingunni fyrir úkraínskar fjölskyldur.

Þýðingar á stuðningsefni skátastarfs

Auk ofantalinna verkefna var einnig horft til innra starfs hreyfingarinnar og einkum til þjálfunar sjálfboðaliða til að þau séu betur undirbúin til að taka á móti fjölbreyttum hópi barna í starfið. Afrakstur voru 6 fræðslur og vinnustofur sem um 100 einstaklingar í heildina sóttu. Einnig var unnið að því að þýða stuðningsefni skátastarfs yfir á ensku og tungumál helstu innflytjendahópa á Íslandi ásamt því að útbúa kynningarbækling sem fer yfir grunnatriði skátastarfs. Þessi vinna er yfirstandandi og mun klárast á árinu 2024.



HELSTU VIÐBURÐIR SEM BÍS KOM AÐ

Viðburðir samkvæmt viðburðadagatali BÍS 2023

Janúar

- 6. Neisti 2023
- 19. Táknmálsnámskeið 1 hefst - hæfninámskeið
- 20. Gilwell 1. hluti

Febrúar

- 3. Ungmennaping - frestað
- 8. Hinseginfræðsla - námskeiðaáætlun ÆV
- 10. Útilífsnámskeið
- 10. Vetraráskorun CREAN - aflýst
- 18. Ungmennaping
- 22. Þankadagurinn

Mars

- 1. Hringborð dagskráforingja
- 4. Drekaskátadagurinn
- 8. Samskipti og siðareglur - námskeiðaáætlun ÆV
- 10. 18:23
- 20. Aðalfundur Útlífsvatns
- 24. - 26. Skátaping
- 29. Inngilding og fjölmening - námskeiðaáætlun ÆV

Apríl

- 12. Hringborð félagsforingja
- 12.-16. Agora
- 21. Rekkakraftur - aflýst
- 26. Hringborð sjálfbóðaliðaforingja - aflýst

Mái

- 14. Stefnumótun - fræðsla fyrir stjórnir
- 20. Skyndihjálparnámskeið
- 20. Upplýsingafundur fararstjóra - Drekaskátamót
- 21. Skyndihjálparnámskeið
- 23. Forsetamerkisráðgjöf
- 26. Vormót Hraunbúa
- 30. Samráðsfundur stjórnar og fastaráða BÍS

Júní

- 1. Námskeið fyrir skólastjóra Útilífsskóla
- 2. - 4. Drekaskátamót
- 5. - 7. Námskeið fyrir starfsfólk Útilífsskóla
- 5. - 7. Námskeið fyrir vinnuskólaliða
- 7. - 11. Gilwell 2. hluti
- 29. - 1. Upplifðu hálendið

Júlí

- 12. - 16. Skátasumarið
- 26.-31. Heimsþing WAGGGS

Ágúst

- 1. - 12. Alheimsmót skáta í Suður-Kóreu
- 12. Gleðigangan
- 16. Kveikja - stjórnarmeðlimir
- 17. Kveikja - foringjar
- 21. Verndum þau - Námskeiðaáætlun ÆV
- 21. Sportabler námskeið fyrir stjórnendur
- 29. Forsetamerkisráðgjöf
- 30. Skátamiðstöðin 20 ára

September

- 1.-3. Foringjanámskeið
- 4. Sportabler námskeið fyrir foringja
- 7. Upphafsfundur Vetraráskorun CREAN
- 12. Hringborð drekaskátaforingja
- 13. Félagsforingjafundur
- 19. Hringborð fálkaskátaforingja
- 22. Ungt fólk og lýðræði - að jörðu skaltu aftur verða
- 24. Hringborð dróttskáta

Október

- 3. Hringborð fjölskylduskátaforingja - aflýst
- 7. Afhending Forsetamerkis
- 13.-15. DróttKraftur



- 17.-22. Icelandic Work Party KISC
- 14. Fjársoðsleit
- 16. Skjánotkun barna og ungmenna - Námskeiðaáætlun ÆV
- 20.-11. JOTA/JOTI 2023
- 23. Skyndihjálparnámskeið - kvöld 1
- 26. Skyndihjálparnámskeið - kvöld 2
- 30. Hringborð rekkaskátaforingja
- 31. Skyndihjálparnámskeið - kvöld 3
- 31. Hringborð róverskátaforingja - aflýst

Nóvember

- 2. Afmæli skátastarfs á Íslandi
- 4.-5. Gilwell 3. hluti
- 5. Fálkaskátadagurinn 2023
- 8. Fjölmenningsfræðsla Mannflórunnar
- 11. FálkaKraftur
- 15. Samskipti og siðareglur - Námskeiðaáætlun ÆV - aflýst
- 15.-19. The Academy
- 21. Flóttarými Róverskáta

Desember

- 17. Jólaljóslóði á Úlfjótsvatni

Viðburðir í starfsáætlun BÍS 2022 sem varð ekki af

- Dróttskátahelgin - 25.-27. ágúst
- Rekkaneitið - vor, sumar, haust
- Róverneitið - október
- Rútan - 15.-16. apríl
- Hæfninámskeið á haustönn
- RekkaKraftur - 21.-23. maí



DAGSKRÁRVIÐBURÐIR

Drekaskátadagurinn

Drekaskátadagurinn fór fram 4. mars á Álftanesi en Svanir voru gestgjafar dagsins þetta árið. Dagskráin samanstóð af ratleik og að honum loknum voru slit og kakó. Þátttakendur komu frá skátafélögunum Garðbúum, Heiðabúum, Hraunbúum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum, Strók, Svönum, Vífli og Ægisbúum.

Þátttakendur: Skátar 108 | Foringjar 11

Drekaskátamót

Drekaskátamót fór fram helgina 2.-4. júní á Úlfliótsvatni með diskópema. Mótið gekk vel og fékk góða endurgjöf frá sjálfbóðaliðum mótsins og fararstjórum. Þátttakendur komu frá skátafélögunum Árbúum, Farfuglum, Fossbúum Garðbúum, Heiðabúum, Hraunbúum, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum, Stíganda, Strók, Svönum, Vífli, Vogabúum og Ægisbúum.

Þátttakendur: Skátar 159 | Foringjar 41

Mótstjórn 9 | Sjálfbóðaliðar 25





Skátasumarið

Skátasumarið var haldið dagana 12.-16. júlí á Úlfljótsvatni fyrir dreka-, fálka-, drótt- og rekkaskáta. Fjölbreytt dagskrá var í boði en mótið var með sjóræningjapema. Þátttakendur komu frá skátafélögum Farfuglum, Fossbúum, Faxe, Garðbúum, Hraunbúum, Klakki, Mosverjum, Stíganda, Stróki, Vífli og Ægisbúum.

Þátttakendur: Skátar 144 | Foringjar 33

Móttjórn 7 | Sjálfbóðaliðar 10

Fálkaskátadagurinn

Vogabúar voru gestgjafar fálkaskátadagsins þetta árið sem fór fram 5. nóvember í Grafarvogi. Dagskráinn var póstaleikur sem leiddi flokkana víðsvegar um Grafarvog að skoða, leika sér og klára verkefni. Þátttakendur komu frá skátafélögum Akranes, Garðbúum, Kópum, Mosverjum, Skjöldungum, Vífli og Vogabúum.

Þátttakendur: Skátar 63 | Foringjar 17

FRÆÐSLUMÁL

Árið 2023 var viðburðarríkt í fræðslumálum en það náðist að halda flesta viðburði samkvæmt starfsáætlun. Ánægjulegt er að fylgjast með þeirri grósku sem hefur átt sér stað í námskeiðahaldi eftir endurskipulag átti sér stað á námsframboði Skátaskólans.

Neisti

Neisti er námskeið fyrir skáta 16 ára og eldri til að efla fjölbreytta færni í skátastarfi. Dagskráin miðar að því að dýpka þekkingu og færni á ýmsum sviðum skátastarfs og efla sjálfbóðaliða í sínum hlutverkum. Leiðbeinendur koma víðsvegar að úr íslensku samfélagi sem og erlendis frá. Þátttakendur fá að velja eigin dagskrá eftir eigin áhugasviði eða þörfum en þannig er Neisti frábært tækifæri til persónulegra framfara fyrir alla skáta óháð aldri, hlutverki og fyrri reynslu.

Þátttakendur: 73

Táknmálsnámskeið

Aðkeypt námskeið frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í Táknmáli 1 sem er grunnfærni í táknmáli. Námskeiðið var 13 skipti, klukkutími í senn.

Þátttakendur: 15

RekkaKraftur

RekkaKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir alla rekkaskáta. Á Rekkakrafti er áhersla lögð á að veita rekkaskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá sem miðar að því

að stuðla að persónulegum framförum þátttakenda.

Þátttakendur: 0 - Námskeiðið var fellt niður vegna ónægðar þátttöku

Námskeið fyrir starfsfólk útilífsskóla skáta

Námskeið fyrir allt starfsfólk í Útilífsskóla skáta, stjórnendur, aðstoðarstjórnendur og vinnuskólaliða. Námskeiðunum er skipt upp eftir hlutverkum starfsfólks.

Á námskeiðunum fyrir stjórnendur og aðstoðarstjórnendur er farið ofan í starfshætti, starfsreglur, góða siði og venjur, algenga dagskrá, öryggisreglur, hvernig skuli ferðast með hóp barna, hvernig skuli stýra ungmennum í vinnu, upplýsingamiðlun til foreldra, viðbrögð við óæskilegum uppákomum, eðlileg samskipti við börn og starfsfólk og fleira. Að auki stendur félögum til boða að senda starfsfólk á öryggisnámskeið í klifri ef þörf er á.

Námskeið fyrir vinnuskólaliða eru 3 kvöld þar sem þau læra skyndihjálp, fara á Verndum þau námskeið og fræðast um vinnureglur Útilífsskólans og þeirra hlutverk í starfi. Einnig fá þau fræðslu um hvaða rétt þau hafa í starfi hvað varðar hlé, öryggi og vinnutíma og hvað teljist óeðlileg samskipti við börn og yfirmenn.

Þátttakendur:

Vinnuskólaliðanámskeið: 59
Aðstoðarstjórnendanámskeið: 38
Stjórnendanámskeið: 9
Verndum þau: 59
Öryggisnámskeið í klifri: 6

Skyndihjálparnámskeið - 12 tímar

Aðkeypt námskeið með reyndum kennara hjá Rauða krossinum. Að námskeiðinu loknu fá þátttakendur skyndihjálparskírteini sem þarf að endurnýja á 2 ára fresti.

Þátttakendur: 32

Stefnumótun

Fræðsla fyrir stjórnarmeðlimi skátafélaga. Markmið viðburðarins er að bjóða grunnfræðslu um stefnumótun, hverju þarf að huga að og hvernig stefnumótun er fylgt eftir. Að því loknu var vinnustofa fyrir stjórnir til að vinna að stefnumótun fyrir sitt félag.

Þátttakendur: 13

Foringjanámskeið

Námskeið ætlað starfandi foringjum, bæði aðstoðar- og sveitarforingjum, 16 ára og eldri. Á námskeiðinu er farið yfir skyldur þeirra og ábyrgð, skátaaðferðina, starfsgrunn skátanna, hvert er hægt að leita fyrir stuðningsefni, öryggi í ferðum, frávík í hegðun, leiki og leikjafræði og lýðræði í skátastarfi. Æskilegt er að öll sem sinna foringjahlutverki sækji námskeiðið fyrsta veturinn þeirra.

Þátttakendur: 37

Kveikja

Námskeið fyrir starfandi sjálfbóðaliða skátafélaga þar sem tilgangurinn er að vera þeim hvatning í upphafi starfsárs. Á námskeiðinu er boðið upp á hnitmiðaða fræðslu um stuðningsefni



og viðburði sem standa félögunum til boða frá BÍS ásamt umræðuhópum um ólík málefni. Kveikju er skipt upp í 2 hópa eftir hlutverkum sjálfboðaliða, eitt kvöld fyrir skátaforingja og annað fyrir stjórnarmeðlimi.

Pátttakendur

Fyrir stjórnarmeðlimi skátafélaganna: 31

Fyrir skátaforingja skátafélaganna: 25

Sportabler námskeið

Sportabler námskeið voru haldin í upphafi starfsárs til að kenna stjórnendum félaganna annars vegar og leiðbeinendum í félagsstarfi hins vegar á notkun kerfisins.

Pátttakendur

Stjórnenda námskeið: 8

Foringja námskeið: 12

DróttKraftur

DróttKraftur er hluti af leiðtogabjálfun Skátaskólans og er fyrir alla dróttskáta á landinu. Á DróttKrafti er áhersla lögð á að veita dróttskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá, kynnast öðrum dróttskátum á landinu og efla leiðtogafærni þeirra.

Pátttakendur: 30

Gilwell

Á Gilwell fá pátttakendur að efla og öðlast nýja færni í ólíkum hlutverkum innan skátahreyfingarinnar sem mun einnig koma að góðum notum í þeirra daglega lífi.

Á fyrsta þrepi er athyglinni beint að skátanum sjálfum og unnið með sjálfsefningu, framkomu og gildum einstaklings í og utan skátastarfs.

Á öðru þrepi er flokkastarf í forgrunni.

Á þessu skrefi munu flokkarnir reisa tjaldbúð sem þeir búa og starfa í með sínum flokki og glíma við ögrandi verkefni sem miða að því að efla hópinn og auka færni í útivist og tjaldbúðalífi.

Á þriðja þrepi er unnið með leiðtogafræðin og hæfni hvers og eins.

Pátttakendur: 16

Fjölmenningarfræðsla mannflórunnar

Fræðsla fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða skátanna um fjölmenningu á Íslandi. Liður í því að gera skátastarf aðgengilegra fyrir fólk af erlendum uppruna. Fræðslan byggir á fræðilegri þekkingu og snertir á grunnhugtökum eins og kynþáttafordómum, menningarfordómum, öráreiti, forréttindum og fleira

Pátttakendur: 6

Skátastarf

AÐILD AÐ BÍS

Aðild að Bandalagi Íslenskra Skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A: Skátafélög með starf fyrir félagi á aldrinum 7-25 ára.

Aðild B: Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félagi sem flestir eru eldri en 23 ára.

Aðild C: Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS

Aðild D: Skátar með beina aðild að BÍS

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Þátttökuréttur á viðburðum	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Atkvæði á Skátapingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	Já	Já	Nei	Já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.





Eftirtalin félög voru með aðild A að BÍS á árinu

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- Skátafélag Borgarness, Borgarnesi
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði
- Skátafélagið Farfuglar, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði
- Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hafarnir, Fella- og Hólahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Vogabúar, Grafarvogshverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

Eftirtalin skátafélög voru með aðild B að BÍS á árinu

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

Eftirtalin félög voru með aðild C að BÍS á árinu

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta

SKÁTASAMBÖND

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi:

Skátasamband Reykjavíkur (SSR)

Formaður SSR er Sigurbjörg Sæmundsdóttir



FJÖLDI SKÁTA Í SKÁTASTARFI

	Hrefnuskátar	Drekaskátar	Fálkaskátar	Dróttskátar	Rekkaskátar	Róverskátar	26 ára og eldri	Heildarfjöldi undir 26	Heildarfjöldi skáta
Heildarfjöldi skráninga 2021-22	34	389	422	264	96	112	204	1317	1521
Heildarfjöldi skráninga 2022-23	58	362	473	291	144	116	271	1715	1986
Mismunur milli ára	24	-27	51	27	48	4	67	398	465



AFREKS- OG HEIÐURS-MERKI

Stjórn BÍS samþykkti vorið 2005 reglugerð um heiðursmerki. Samkvæmt henni eru eftirtalin heiðursmerki í notkun hjá BÍS: Silfurúlfurinn, Skátakveðjan úr gulli, silfri og bronssi, Þórshamarinn úr gulli, silfri og bronssi og auk þess merki BÍS úr gulli, silfri og bronssi. Eftirtalin hetjudáðamerki eru í notkun hjá BÍS: Gullkrossinn, Silfurkrossinn og Bronskrossinn. Eftirtalin þjónustumerki eru í notkun hjá BÍS: Gyllta liljan og smárin og Silfraða liljan og smárin.

Heiðursmerki BÍS afhent frá síðasta skátapingi

Þórshamarinn úr bronssi

Andrea Dagbjört V. Pálsdóttir
Arnkell Ragnar Ragnarsson
Ásgerður Inga Stefánsdóttir

Bengta K. Methúsalemsdóttir
Birta Ísafold Jónasdóttir
Eiríkur Pétur Eiríksson Hjartar
Elfa Björg Aradóttir
Fanndís Eva Friðriksdóttir
Guðbjörn Gústafsson
Halldór Valberg
Haukur Örn Harðarson
Heiðdís Erla Jónsdóttir
Hrafnhildur O. Sigurgísladóttir
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson
Hulda Mjöll Þorleifsdóttir
Huldar Hlynsson
Ísak Árni Eiríksson Hjartar
Jakob Heimir Burgel
Jónína Sigurjónsdóttir
Kjartan Bragi Ágústsson
Kolbrún Reinholdsdóttir
Kristín Helga Sigurðardóttir
Matthildur Ósk Guðbjörnsdóttir
Salka Guðmundsdóttir
Soffía Guðrún Kjartansdóttir
Sölvi Melax
Thelma Rún van Erven
Úlfur Kvaran

Þórshamarinn úr silfri

Auður Örlygsdóttir
Elín Esther Magnúsdóttir
Fanný Björk Ástráðsdóttir
Guðmundur Finnbogason
Hildur Haraldsdóttir
Inga Úlfisdóttir
Jón Lárusson
Lína Hrönn Þorkeldsdóttir
Sævar Öfjörð Magnússon
Valgeir F. Backman

Þórshamarinn úr gulli

Aðalsteinn Þorvaldsson
Ásdís Styrmisdóttir
Hermann Sigurðsson
Jóhann Sævar Erlendsson
Jónatan Smári Svavarsson

Skátakveðjan úr bronssi

Brynjar Hólm Bjarnason
Dagbjört V. Brynjarsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Jón Halldór Jónasson
Trausti Sigurðsson

Skátakveðjan úr silfri

Björn Hilmarsson

Skátakveðjan úr gulli

Hrefna Hjálmarsdóttir
Sveinn Guðmundsson

Hetjudáðamerki BÍS úr gulli

Þórhallur Helgason

Þjónustumerki BÍS í silfri og gulli

Auður Eygló Andrésdóttir
Birgir Óli Guðmannsson
Daníel Kárason
Dóra Magnea Hermannsdóttir
Egle Sipaviciute
Hafdís Jóna Sigurjónsdóttir
Helgi Þórir Sigurðsson
Hrafnkell Úlfur Ragnarsson
Jóhann Thomasson Viderö
Steinar Logi Sigurðarson
Tjörvi Stefán Gíslason



Forsetamerki rekkaskáta

Davíð Þrastarson Skátafélagið Garðbúar

Reynir Tómas Reynisson Skátafélagið Garðbúar

Elías Dýrfjörð Skátafélagið Klakkur

Franz Halldór Eydal Skátafélagið Klakkur

Bengta Kristín Methúsalemsdóttir Skátafélagið Mosverjar

Matthildur Ósk Guðbjörnsdóttir Skátafélagið Mosverjar

Valur Kári Óskarsson Skátafélagið Skjöldungar

Dagur Sverrisson Skátafélagið Ægisbúar

Sjálfboðaliðar

FASTARÁÐ OG VERKEFNI ÞEIRRA

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð sinnir samskiptum BÍS við erlend skátabandalög, samtök og erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf sem og aðstoðar við innleiðingu verkefnapakka á vegum WAGGGS og WOSM. Þá veitir ráðið íslenskum skátum upplýsingar um erlent skátastarf og tilboð um skátastarf erlendis svo sem skátamót, námskeið og önnur tækifæri sem geta nýst íslenskum skátum í sínu starfi. Á árinu bar hæst í alþjóðastarfi áframhaldandi góður árangur með JOTA/JOTI, vinna í Norðurlandasamstarfi NSK og Heimsping WAGGGS í Kýpur.

Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Samstarfsnefnd Norrænu Skátabandalaganna (NSK) skipa fulltrúar Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Noregs, Íslands og Svíþjóðar. Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári.

Í ár var Danmörk gestgjafi og fulltrúar hittust í Houens Odde til þess að stilla saman strengi og ræða málefni sem snerta Norðurlöndin.

Skátahöfðingjar Norðurlandanna nýttu tækifærið og hittust einnig á sama tíma. Nefndin vinnur úr samþykktum Norræna skátapingsins og fylgist með framkvæmd þeirra samstarfsverkefna sem þar eru ákveðin. Sem dæmi má taka Ung i Norden, Go Global og Network by Function meeting sem haldin er í netheimum. Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni voru Sunna Líf Þórarinsdóttir og Berglind Lilja Björnsdóttir.

Starfsnefndir á vegum Evrópustjórna WAGGGS og WOSM

BÍS hefur í gegnum tíðina átt fulltrúa í starfsnefndum á vegum Evrópustjórna WAGGGS og WOSM. BÍS er kunnugt um að hjá WOSM hafi Hulda Sólrún Guðmundsdóttir starfað í Safe from Harm Implementation Team, Mental Health and Well-Being Initiative, Youth Empowerment Team hjá WOSM Evrópu og þar að auki hafi hún verið WOSM Consultant. Berglind Lilja Björnsdóttir starfaði í Continuous Improvement Team hjá WOSM Evrópu.

Upplýsingamiðlun

Alþjóðaráð hefur til þessa haldið úti Facebook hópnum Tækifæri í Alþjóðastarfi og deilt upplýsingum á Facebook og Instagram ásamt því að gefa út Tækifæri mánaðarins á vefsvæði BÍS. Einnig vann Alþjóðaráð að því að klára uppsetningu síðu Alþjóðaráðs á vefsíðu BÍS.

Heimsping WAGGGS

Heimsping WAGGGS var haldið í Kýpur 27. júlí til 31. júlí 2023. Það var haldin ungmennadagur 26. júlí þar sem þingförum undir 30 ára var boðið að hittast og kynna sér hvernig þing fer fram en einnig til þess að ýta undir tengslamyndun innan aldurshópsins. BÍS sendi tvo fulltrúa á þingið sem og undirbúningsdaginn. Sunna Líf Þórarinsdóttir fór með kosningarétt fyrir hönd BÍS og Berglind Lilja Björnsdóttir sótti þingið sem varafulltrúi.

Farið var yfir fyrri stefnu og endurmat, ný stefna WAGGGS var mótuð og samþykkt til 2029. Nýir meðlimir heimsstjórnar voru kosnar inn og vert er að segja frá því að þrjár

Evrópskar konur voru kosnar og á meðal þeirra er ein frá Norðurlöndunum, Signe Marie Obel frá Danmörku. Næsta þing verður haldið í Kambódíu 2027.

International Commissioners fundir

Evrópski Alþjóðafulltrúa fundur WAGGGS var haldin í Our Chalet í Sviss í lok apríl 2023. Sunna Líf, alþjóðafulltrúi WAGGGS sótti fundin fyrir hönd BÍS. Tilgangur fundarins var að undirbúa bandalögin fyrir heimsping WAGGGS sama ár ásamt því að skerpa á og viðhalda því samstarfi sem evrópsku bandalögin hafa myndað. Hjá WOSM Evrópu var alþjóðafulltrúafundur á árinu, haldinn í Château de Courrière í Belgíu. Berglind Lilja Björnsdóttir sótti fundinn fyrir hönd BÍS.

Á fundinum var kynning á Roverway 2024, farið yfir þau mannúðaraðstoðar verkefni sem skátabandalög í evrópu framkvæmdu fyrir Úkraínu, skoðað hvað er á döfni hjá WOSM í Evrópu og hafin undirbúning fyrir heimsping WOSM sumarið 2024 í Egyptalandi svo eitthvað sé nefnt.

Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2023

- **Agora**, apríl 2023 Portúgal. Franz Halldór Eydal, Hanna Gréta Jónsdóttir, Sebastian Fjeldal Berg, Sunna Dís Helgadóttir.
- **IC Meeting WAGGGS**, apríl 2023 Sviss. Sunna Líf Þórarinsdóttir.
- **IC Network Meeting WOSM**, maí 2023 Belgía.

Berglind Lilja Björnsdóttir.

- **Overture Diversity Network Meeting**, maí 2023 Finnland. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Helga Þórey Júlíudóttir og Katrín Kemp Stefánsdóttir.
- **Pre conference Meeting NSK**, júní 2023 Danmörk. Sunna Líf Þórarinsdóttir og Berglind Lilja Björnsdóttir.
- **Heimsping WAGGGS**, júlí 2023 Kýpur. Sunna Líf Þórarinsdóttir og Berglind Lilja Björnsdóttir.
- **NSK fundur**, september 2023 Danmörk. Berglind Lilja Björnsdóttir, Sunna Líf Þórarinsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir.
- **Ung i Norden**, nóvember 2023. Reynir Tómas Reynisson, Arney Sif Ólafsdóttir og Jóhann Thomasson Viderö.
- **Go global**, október 2023, Danmörk. Daði Már Gunnarsson, Signý Kristín Sigurjónsdóttir.
- **The Academy**, nóvember 2023, Þýskaland. Dagbjört Brynjarsdóttir, Úlfur Kvaran, Védís Helgadóttir, Aron Gauti Sigurðar, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, Helga Rós Einarsdóttir.
- **Nordic network by function**, nóvember 2023 á netinu. Daði Már Gunnarsson, Dagbjört Brynjarsdóttir, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Aron Gauti Sigurðar, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Berglind Lilja Björnsdóttir, Huldar Hlynsson, Sunna Líf Þórarinsdóttir og Sædís Ósk Helgadóttir.
- **World Scout Education Congress**, desember 2023, Frakkland. Vigdís Friða Þorvaldsdóttir, Unnur Líf Kvaran, Guðrún Stefánsdóttir, Björk Norðdahl, Þórhallur Helgason.





Skátamót

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað.

25. Alheimsmót skáta í Suður-Kóreu

Um 141 íslenskir skátar sóttu Alheimsmót skáta í Suður Kóreu frá 1.-12. ágúst 2023. Hitabylgja gekk yfir landið meðan á mótinu stóð, en mótssvæðið var svo rýmt vegna fellibyls sem ganga átti yfir svæðið. Við tóku óvænt ævintýri þar sem dagskrá mótins tók á sig nýja mynd. Ferðin reyndist mörgum krefjandi en jákvæðni og sannur skátaandi tryggði öllum ferðalöngum minningar sem

seint gleymast. Hópurinn stóð sig með þrýði og kom heim með mikla reynslu í farteskinu sem mun vafalaust nýtast við að takast á við óvæntar upppákomur í framtíðinni.

JOTA/JOTI

Á árinu starfaði JOTA/JOTI vinnuhópur sem vann að því að þýða og miðla efni tengt viðburðinum og hvetja sveitir og félög að búa til umgjörð sem gerði skátum kleift að taka þátt með skipulögðum hætti sem hópur.

Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar unnu ýmist störf í

skátamiðstöðum á árinu. BÍS er kunnugt um að Ægir Freyr Valsson hafi verið sjálfbóaliði í KISC, Alþjóðlegu Skátamiðstöðina í Kandersteg í Sviss. Ægir var úti í þrjá mánuði og sá um skátadagskrá, eldamennsku og þrif. Egle Sipaviciute og Fanney Lára Guðmundsdóttir tóku einnig þátt í sjálfbóðastarfi í KISC. Högni Gylfason fór sem sjálfbóaliði til Vássarö skátamiðstöðina í Svíþjóð. Þar vann hann í flokki sem er kallaður Traktor, sem sér um að flytja hluti á milli staða á eyjunni.

Meðlimir Alþjóðaráðs eru Agnes Lóa Gunnarsdóttir, Daði Már Gunnarsson og Hulda María Valgeirsdóttir ásamt Berglindi Lilju Björnsdóttur, alþjóðafulltrúa WOSM og Sunnu Líf Þórarinsdóttur, alþjóðafulltrúa WAGGS.

Skátaskólinn

Skátaskólinn sér um skipulag fræðslu fyrir skáta og skátaforingja. Stjórn skátaskólans hefur unnið að því á undanförunum árum að endurskipuleggja námskeiðahald innan skátanna, þar sem áhersla er lögð á leiðtogaþjálfun og hagnýta foringjaþjálfun, ásamt því að á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, útinám og ígrundun þátttakenda.

Kraftsnámskeiðin eru leiðtogaþjálfun sem eru haldin fyrir hvert aldursbil og miða að því að efla persónulegar framfarir skátanna. Öll byggja þau á sama grunnstefinu, að efla sjálfstæði og þor þátttakenda, en eru viðfangsefnin ólík eftir viðeigandi stíganda í starfinu. DróttKraftur var haldinn í október en ekki náðist að halda RekkaKraft vegna ónægðrar þátttöku.

Árið 2023 var fyrsta námskeið FálkaKrafts haldið hjá Skjöldungum og tókst það reglulega vel og mikil ánægja hjá bæði foringjum og þátttakendum. Við hvetjum öll félög til að fá námskeiðið til sín og efla fálkaskátana sína.

Leiðbeinendasveitin hélt hagnýtt foringjaþjálfunarnámskeið í september fyrir starfandi sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja. Námskeiðið tókst með eindæmum vel og ljóst að það nýttist foringjum vel að byrja starfsárið á fræðslu um

það hlutverk sem þau hafa tekið að sér. Stefnt er að því að námskeiðin verði haldin í fyrri hluta september ár hvert.

Gilwell leiðtogaþjálfunin fór aftur af stað á þessu ári eftir nokkurt hlé. Námskeiðið hefur verið endurskipulagt að miklu leyti og er nú í 3 hlutum sem fara fram á sama almanaksári. Á námskeiðinu var áhersla lögð á sjálfstyrkingu, sjálfsskilning, gildi einstaklinga og leiðtogaþjálfun í skátastarfi ásamt því að byggja upp góða flokkastemmingu og vinna með táknræna umgjörð. 11 þátttakendur luku fyrsta námskeiðinu í nóvember.

Stjórn skátaskólans hefur lagt mikla vinnu í gerð námslýsinga þar sem öll námskeið skátaskólans eru skilgreind og skráð með skipulegum hætti. Mun sú vinna einfalda utanumhald og framkvæmd námskeiða á komandi árum ásamt því að auðvelda öllum sem vilja fræðast um námskeið Skátaskólans yfirsýn yfir námskeiðin. Einnig er unnið að því að koma upplýsingum um skátaskólann og námskeiðin á vefsíðu skátanna.

Meðlimir Skátaskólans eru Björk Norðdahl, Dagbjört Brynjarsdóttir, Ísak Árni Eiríksson Hjartar og Kristín Hrönn Þráinsdóttir. Tengiliður þeirra úr stjórn BÍS eru Guðrún Stefánsdóttir og Þórhallur Helgason.



Starfsráð

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarfóringja og flokksfóringja. Megináhersla ráðsins er að hafa frumkvæði að og fylgja eftir útgáfu og gerð efnis sem styður við skátastarf á Íslandi, með áherslu á dagskrármál, starfsgrunninn og hvatakerfi.

Forsetamerkið

Ráðið gegnir mikilvægu hlutverki í að fylgja eftir og styðja skáta sem eru að vinna að forsetamerkinu. Ráðið les yfir og samþykkir vegabréf rekkaskáta að forsetamerkinu, ásamt því að skrifa kveðju til þeirra skáta sem eru að klára vegferðina. Einnig tekur ráðið þátt í undirbúningi og framkvæmd athafnarinnar á Bessastöðum. Ný uppfærð forsetamerkisbók var gefin út í samræmi við starfsgrunninn. Þá var unnið að leiðarvísi sem styður fóringja og rekkaskáta við vinnu að merkinu og gefur nánari útskýringar og yfirsýn yfir leiðina á Bessastaði.

Starfsgrunnur og hvatakerfi

Mikill tími ráðsins fór í að fylgja eftir starfsgrunninum með því að kynna könnuðamerki, markmiðaflokka, hæða- og stikumerki og fleira á viðburðum og hvetja fóringja til að nýta sér efnið. Sérstök áhersla var á eftirfylgni með könnuðamerkjunum en á árinu voru gefin út könnuðamerkin ásamt könnuðamerkjabókunum sem styðja við vegferð skátanna að merkinu.





Hringborð skátaforingja

Hringborð skátaforingja eru viðburðir þar sem foringjar fá tækifæri til að ræða saman þvert á félög. Haldin voru hringborð dreka-, fálka- og dróttskátaforingja þar sem hvert aldursbil var tekið fyrir. Ekki náðist þátttaka á hringborð fjölskylduskáta- og rekkaskátaforingja.

Samráð, fræðsla, kynningar

Skátaping, Kveikja og Neisti hafa verið viðburðir þar sem starfsráð hefur fengið endurgjöf, athugasemdir og hrós frá skátum fyrir þá vinnu sem hefur verið í gangi. Starfsráð leggur áherslu á að vera í samráði við önnur ráð og stjórn BÍS þannig að öll séu að vinna í takt.

Starfsráð er ánægt með þau verkefni sem það hefur komið að og stefnir á að fylgja starfsgrunninum enn frekar eftir með samráði, fræðslu og hvatningu. Stefnt er að útgáfu ítarefnis tengdu starfsgrunninum fyrir foringja.

Meðlimir Starfsráðs eru Jóhanna Björg Másdóttir, Sigurður Viktor Úlfarsson og Védís Helgadóttir. Tengiliður þeirra úr stjórn BÍS er Unnur Líf Kvaran

Ungmennaráð

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfi.

Ungmennaráð hefur haft aðhafst margt á liðnu ári. Ráðið byrjaði á því að halda smíðju á Neista um þáttökustiga Harts því mikilvægt er að skátahreyfingin passi upp á það að hafa ungmenni með í öllu ákvörðunarferlinu.

Ungmennaping og Skátaping

Nýtt ungmennaráð var kosið á ungmennapingi í febrúar, sem haldið var í Skátamiðstöðinni. Þar voru einnig samþykktar tillögur og áskoranir sem voru sendar á Skátaping til kosninga, eins og t.d. áskorun um að BÍS myndi stofna vinnuhóp til að gefa aftur út skátahandbókina, áskorun um að BÍS myndi stofna vinnuhóp sem gæfi út söngbók og BÍS myndi passa upp á að hafa greiðan aðgang að ókeypis túrvörum á öllum skátaheimilum á Íslandi. Ungmennaráð sendi einnig á Skátaping fjórar

lagabreytingatillögur annað hvort frá ráðinu eða sem voru samþykktar á Ungmennapingi. Þær voru t.d. að lækka aldurstakmörk fulltrúa í ungmennaráði niður í 13 ára sem var samþykkt og að breyta neðri aldursmörkum þeirra fulltrúa skátafélaga sem mega bera atkvæði á Skátapingi, kom upp breytingatillaga sem var síðan samþykkt.

Ungmennaráð fékk styrk frá smástyrkjum Erasmus fyrir viðburðinum Fjársoðsleit. Markmið viðburðarins var að kynna ungmennum fyrir grænum leiðum til þess að ferðast um nærumhverfi sitt í formi stórratleiks um Höfuðborgarsvæðið.

Meðlimir Ungmennaráðs eru Arnbjörg Ýr Sigurðardóttir, Högni Gylfason, Jóhann Thomasson og Svava Dröfn Davíðsdóttir. Tengiliður þeirra úr stjórn BÍS er Huldar Hlynsson.



Útilífsráð

Á síðasta ári var unnið áfram að þeim Færnimerkjum sem tengjast útivist og útilífi. Mörg verkefni og starfshugmyndir litu dagsins ljós og voru færð inn á vinnuskjal BÍS um Útivistar-færnimerkin. Markmiðið með vinnu útilífsráðsins varðandi Færnimerkin eru:

- Að þau færnimerki sem eru í boði, séu stöðluð íslensku umhverfi, náttúru og menningu.
- Að færnimerkin verða aðlaðandi og eitthvað sem foringjar treysta sér að kenna, eða takast á við.
- Að verkefni sem fylgja færnimerki séu víðráðanleg fyrir foringja og skáta.
- Hvaða hæfni á skátinn að kunna þegar hann hefur lokið vinnunni á bakvið merkið
- Einfalda foringjum að vinna með viðkomandi færnimerki

- Einfalda foringjum að finna upplýsingar, kennsluefni til að einfalda þeim að undirbúa sig fyrir fund og afla sér þekkingar.

- Ákveðið að samræma hvaða upplýsingar fylgja hvaða færnimerki. Að hverju færnimerki fylgja samræmdar verklýsingar og upplýsingar

Þessi vinna er núna mjög langt komin og verður textinn og verkefni sem Útilífsráð hefur unnið aðgengileg á færnimerkjasiðunni inn á heimasíðu BÍS eftir loka yfirlestur.

Færnimerkin eru fimmtán sem unnið hefur verið að og eru þessi: Köfun, Svellkaldur, Snjór, Ramba/Ratvísi, Klifur, Rata/Áttaviti og kort, Hellaskoðun, Vertu útil, Náttúrulega, Sjófær og Róður. Úti færnimerkin fimm eru: Úti í snjónum, Úti/Upp á fjall, Úti/Umhverfis við vatn, Úti í skógi og Úti í bæ.

Þá var fundað með starfsráði BÍS og rætt um leiðir til að koma útivist og útilífi betur inn í skátastarfið með spennandi dagskráartilboðum og útivistarmerkjum. Útilífsráð mætti á fræðsluviðburði BÍS, Neista að vetri og Kveikju að hausti og hélt smiðjur um mikilvægi útiveru á skátafundum, hversu verðmætt það er að nýta náttúruna í dagsferðir og útilegur. Markmið ráðsins er nú sem áður að finna leiðir til að efla útivist í skátastarfi og styðja við bakið á þeim útivistarviðburðum sem BÍS hefur á dagskrá.

Meðlimir Útilífsráðs eru Anna Margrét Tómasdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson og Ævar Aðalsteinsson. Tengiliðr þeirra úr stjórn BÍS eru Guðrún Stefánsdóttir og Þórhallur Helgason.

VINNUHÓPAR

Mótstjórn landsmóts drekaskáta

Ný drekaskátamótstjórn tók við skipulagi, framkvæmd og endurmati á drekaskátamóti.

Mótið var haldið dagana 2.-4. júní á Úlfjótuvatni og var þema mótsins diskópema.

Mótstjóri var Reynir Tómas Reynisson og með honum í mótstjórn voru Arney Sif Ólafsdóttir, Birna Rún Ingvarsdóttir, Dagný Sara Viðarsdóttir, Dagur Sverrisson, Davíð Þrastarson, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir, Kristjón Karl Guðmannsson og Valur Kári Óskarsson.

JOTA-JOTI vinnuhópur

Opið útkall var eftir skátum til að undirbúa leiðir til að styðja og efla þátttöku fálkaskáta og eldri á hinu alþjóðlega árlega netmóti JOTA-JOTI.

Viðburðurinn fór fram 20.-22. október.

Vinnuhópurinn mynduðu Agnes Lóa Gunnarsdóttir, Andrés Róbertsson, Árni Freyr Rúnarsson, Berglind Lilja Björnsdóttir og Gemma Montoliu Valor.

100 ára afmæli BÍS

Hópurinn vann hugmyndir að viðburðum og öðrum minnisvörðum með því markmiði að minna á 100 ára afmæli BÍS árið 2024.

Meðlimir hópsins eru Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir og Björg Sigmundsdóttir

CREAN vinnuhópur

Hópurinn tók að sér að endurvekja Crean vetraráskorunina og gera það að venjubundnum viðburði í íslensku skátastarfi.

Hópurinn hóf undirbúning á vormánuðum, fengu íslenska þátttakendur í verkefnið og héldu fyrstu undirbúningsferðir á haustmánuðum ársins.

Meðlimir hópsins eru Erika Eik Bjarkadóttir, Arney Sif Ólafsdóttir, Daði Már Gunnarsson, Davíð Þrastarson og Kjartan Bragi Ágústsson.

Þrennubjálfnir

Hlutverk þrennubjálfa er að vera stuðningshópur fyrir Félagabrennuna þar sem þau styðja við hvert hlutverk, þ.e. félagsfóringja, dagskrárfóringja og sjálfbóðaliðafóringja.

Að auki bjóða þrennubjálfararnir upp á kynningar á Félagabrennunni fyrir stjórnir félaganna.

Þau félög sem þiggja stuðning fá fund með þrennubjálfum þar sem farið er yfir almenna stöðu hjá félaginu og áætlun um stuðning rædd og ákveðin. Lögð er áhersla á persónulegan stuðning og hvatningu til að styrkja þrennufóringja í sínu starfi.

Meðlimir hópsins eru Björk Norðdahl, Brynja Guðjónsdóttir, Kristín Birna Angantýsdóttir, Jóhanna Aradóttir og Selma Björk Hauksdóttir.



Leiðbeinendasveitin

Hlutverk Leiðbeinendasveitarinnar er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta leiðtoganámskeið fyrir fálka-, drótt- og rekkaskáta og foringjapjálfun samkvæmt námskrá Skátaskólans. Á árinu 2023 hélt Leiðbeinendasveitin 3 námskeið, FálkaKraft, DróttKraft og Foringjanámskeið.

Meðlimir Leiðbeinendasveitarinnar eru Aron Gauti Sigurðarson, Daði Már Gunnarsson, Elín Esther Magnúsdóttir, Heiðdís Erla Jónsdóttir, Salka Guðmundsdóttir, Védís Helgadóttir og Úlfur Kvaran.

Leiðbeinendahópur Gilwell

Hlutverk leiðbeinendahóps Gilwell er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta Gilwell námskeiðin. Hópurinn hélt fyrstu Gilwell námskeiðin eftir 4 ára hlé árið 2023.

Meðlimir hópsins eru Björk Norðdahl, Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Helga Rós Einarsdóttir, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, Guðmundur Finnbogason og Harpa Ósk Valgeirsdóttir.

Minjanefnd skáta

Minjanefnd skáta er samstarfsnefnd SSR, BÍS og Skátagildanna á Íslandi um varðveislu og skráningu skátaminja. Hver aðili skipar tvo fulltrúa í nefndina.

Fulltrúar BÍS í minjanefnd voru Fanney Kristbjarnardóttir og Guðmundur Pálsson.





SJÁLFASTÆÐ STARFSEMI

Gilwellskálinn, Úlfliótsvatni

Þetta stolta en yfirlætislaus og fallega hús fagnar nú 80 ára afmæli. Það er fyrsta húsið sem skátar reistu að Úlfliótsvatni (1942) og þjónaði sem félagsmiðstöð og mótuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á staðnum. Húsið gjörbreytti aðbúnaði skáta á staðnum sem fram að því höfðu eingöngu dvalið í tjöldum. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfliótsvatni þróaðist og jókst hafa aðrar byggingar bæst við. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið þar 1959 og næstum því árlega eftir það. Á liðnum árum hafa farið fram verulegar endurbætur og viðgerðir á húsi og húsmunum og mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna hefur verið unnin í sjálfbóðaliðastarfi og er að mestu lokið í dag. Margskonar viðburðir eru haldnir í húsinu, til dæmis kvöldvökur, námskeið, hópavinna og fundir.

Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningareign sem sómi er að vernda og hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenskra

skáta (ÚSÚ) en sérstök hússtjórn fer með umsjón hans. **Hússtjórnina skipa: Haukur Haraldsson, og Víking Eiríksson.**

Hamrar

Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum á Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri, í eigu Skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ. Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks

Skátasafnið

Skátasafnið á Úlfliótsvatni er verkefni á vegum Fræðaseturs skáta. Í KSÚ skála er tekið á móti gestum árið um kring.

Á safninu gefst skátum tækifæri á að skoða gamla muni og kynnast skátastarfi fyrri tím, máta gamla skátabúninga og tengjast eldri

kynslóðum skáta. Safnið hefur sett upp sýningingar í tengslum við markverða sögu skáta á Íslandi við ýmis tækifæri.

Í stjórn fræðaseturs skáta eru Elín Sigríður Ármannsdóttir, Fanný Björk Ástráðsdóttir, Gauti Torfason, Atli B. Bachmann og Guðmundur Pálsson.

Endurfundir skáta

Endurfundir skáta er vettvangur fyrir eldri skáta að hittast með þeim tilgangi að halda sambandi við skátahreyfinguna og hvort annað. Endurfundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartíman og er boðið upp á léttan mat, góðar samverustundir og jafnvel nokkra skátasöngva. Að auki er boðið upp á styttri ferðir og heimsóknir á skátamót með hópnum.

Endurfundir eru skipulagðir af bakhópnum en meðlimir hans eru Arndís Jónsdóttir, Björg Sigmundsdóttir, Gunnar E Hafberg, Haukur Haraldsson, Ingibjörg Marteinsdóttir, Jóhanna Þorleifsdóttir, Matthías Pétursson og Svanur Ingvason.

DÓTTURFÉLÖG BÍS



SKÁTABÚÐIN EHF.

Rekstur Skátabúðarinnar ehf. Hefur gengið vel. Mesta sala Skátabúðarinnar er á skátavörum til skáta og skátafélaga ásamt mikilvægri sölu á gervijólatrjám. Sala á gervijólatrjám gekk vel og er nú tækifæri til þess að stíga eitt skref framávið og bæta örlitlu við vöruúrval Sígrænna.

Jólatrén eru vinsæl gæðavara og viljum við halda þeirri stefnu áfram, þ.e. að selja hágæða vöru sem við getum verið stolt af.

Í ár var svo kynnt nýtt vörumerki í Skátabúðina - Asivik. Þetta er liður í þróun Skátabúðarinnar, en hugsunin þar er sú að bjóða útivistarvörur

til skáta á Íslandi sem hannaðar eru af skátum, okkar norrrænu frændum. Spejdersport er stór keðja á Norðurlöndunum sem selur Asivik sem skátavöru, hannaða af skátum. Viljum við í Skátabúðinni kynna íslenskum skátum fyrir þessari vöru í formi forpantana til þess að byrja með og byggja svo upp vöruúrval í Skátabúðinni með vinsælum vörum sem skátar ættu að geta nálgast þar. Skátbúðin er enn rekin í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123.

Starfsmaður Skátabúðarinnar 2023

- Úlfur Kvaran - Verslunarstjóri

SKÁTAMÓT EHF.

Dótturfyrirtæki BÍS sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd stærri viðburða á vegum BÍS, s.s. Landsmót skáta og önnur mót.

Mikil starfsemi er hjá dótturfélaginu Skátamót þetta árið þar sem Landsmót skáta er í fullum undirbúningi.

Sjóður er tilheyrir félaginu er varðveittur sem varasjóður fyrir stærri viðburði og ferðir á vegum skáta í framtíðinni.

Starfsmaður skátamóta 2023

- Viðburða og fjárflyunarstýra 2023



GRÆNIR SKÁTAR EHF.

Hjá Grænum skátum ehf. störfuðu um 40 starfsmenn í 17 stöðugildum á árinu.

Tveir starfsmanna Grænna skáta eru á launum hjá Reykjavíkurborg og munar mikið um þann stuðning. Flestir starfsmenn Grænna skáta, um 30 manns, búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna launaðri vinnu og þátttöku á atvinnumarkaðnum. Grænir skátar eru með samning við Vinnumálastofnun (VMST) í tengslum um verkefnið:

„Atvinna með stuðning,“ og tekur VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna sem tengjast verkefninu. Flestir þessara starfsmanna eru í hlutastarfi. Að auki starfa 12 starfsmenn hjá Grænum skátum í tímavinnu og sinna helgarvöktum og koma inn á álagspunktum.

Rekstur Grænna skáta gekk afar vel á árinu og jókst bæði velta og hagnaður fyrirtækisins. Bætt afkoma fyrirtækisins er afar mikilvæg fyrir BÍS og eykur rekstraröryggi skátahreyfingarinnar. Á árinu

varð áframhaldandi aukning á þjónustu tengdri húsfélögum og fyrirtækjum en þessi þjónusta verður stöðugt umfangsmeiri í rekstrinum og er afar góð viðbót við gjafaumbúðirnar. Grænir skátar sækja í þeim tilfellum flöskur og dósir til viðskiptavina þegar þörf er á eða eftir reglulegu tímaplani og eru viðskiptavinur okkar rúmlega 600. Viðskiptavinurinn fær greiddan hluta af skilagjaldi til sín og Grænir skátar taka hlut sem þjónustugjald. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir fyrirtækið þar sem við þjónustum hótél og veitingastaði. Það magn sem kom í söfnunargáma Grænna skáta jókst lítillega á milli ára sem skýrist af stærra markaðssvæði en söfnunargámum. Stefnt er að meiri fjölgun á nýju ári. Gjafaumbúðirnar gefa Grænum skátum hæst endurgjald og er því mikilvægt að reyna að auka þann þátt og verður unnið að því á árinu.

Vöxtur Grænna skáta hefur verið góður undanfarin ár og rekur fyrirtækið nú 4 bifreiðar sem sækja drykkjarumbúðir með skilagjaldi allt frá Suðurnesjum og austur að

Geysi. Í lok ársin bættist við ný stærri bifreið í flota Grænna skáta en með því er verið að auka afkastagetuna.

Í fyrra hófst söfnun á Akureyri í samvinnu við skátafélagið Klakk. 11 söfnunargámar eru á grenndarstöðvum á Akureyri og sér útilífsmiðstöðin Hamrar um að þjónusta gámana. Vel hefur gengið með verkefnið og skilar það góðum tekjum til skátafélagsins.

Á árinu fór stjórn og starfsfólk Grænna skáta í stefnumótunaryvinnu og kláraðist hún í lok ársins. Þessi nýja stefna varðar vegin næstu fimm árin.

Fótspor Grænna skáta í hringrásarhagkerfinu er stórt í dag og skiptir framlag okkar miklu máli bæði samfélags- og umhverfislega. Í gegnum fyrirtækið fara um 11% af öllum drykkjarvörum með skilagjaldi sem falla til á landinu.

Starfsfólk Grænna skáta 2023

- Kristinn Ólafsson - Framkvæmdastjóri
- Júlíus Aðalsteinsson
- Rúnar Már Bragason
- Marko Kulvalaine

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI

Starfsemi skáta á Úlfljótssvatni hófst árið 1941 með sumardvöl ungra skáta undir forystu Jónasar B. Jónssonar og félaga. Síðan þá hefur starfsemin á Úlfljótssvatni verið að aukast jafnt og þétt eftir því sem aðstaðan hefur stækkað. Í dag má fullyrða að Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótssvatni sé eitt af best útbúnu útivistarsvæðum á Íslandi.

BÍS er eini rekstraraðili staðarins eftir að hafa keypt hlut SSR í rekstrinum árið 2018. Kaupunum fylgdu allar fasteignir og búnaður. Markmið BÍS er að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjapjálfun og verður staðurinn áfram rekinn í svipaðri mynd og verið hefur. SSR á 25% hlut í Úlfljótssvatnslandinu ásamt BÍS sem á 25% og Skógræktarfélagi Íslands sem á 50%.

Árið 2023 er árið þar sem rekstur ÚSÚ komst aftur af stað. Við tókum á móti 8.855 gestum frá 67 mismunandi löndum sem endurspeglar alþjóðlegan anda skáta og okkar mikilvæga verkefni að geta látið svo mörgum og mismunandi menningarheimum líða eins og heima hjá sér.

Við náðum þeim merka áfanga að vera með 16.700 gistinætur. Án okkar ástríðufullu sjálfboðaliða hefði það ekki verið hægt en ÚSÚ var með 31 starfsmenn. Vinsældir

Úlfljótssvatns sem áfangastaðar fyrir sjálfboðaliða hefur aukist gríðarlega ásamt því að gott orðspor staðarins hefur ferðast víða um heim.

Skólar hafa aldrei verið eins margir, en 32 skólar með 1.482 nemendum heimsóttu ÚSÚ á árinu.

Við höldum 6 frábærar vikur af Sumarbúðum þar sem 192 einstaklingar komu og fengu góða útivistar og skátareynslu.

Við endurskipulögðum fjáramál staðarins og náðum því markmiði að skila árinu í hagnaði, sem mun leggja grunninn að því að verða fjárhagslega sjálfbær.

Það sem mestu máli skiptir er að ÚSÚ er nú á þeirri vegferð að byggja upp og einbeita sér að hágæða útinámi fyrir ungt fólk ásamt því að byggja upp samstað fyrir skáta. Ekkert af ofantöldu væri möguleiki nema fyrir góðan stuðning BÍS og samstarf skátasamfélagsins.

Starfsfólk Úlfljótssvatns árið 2023

- Javier Paniagua Petisco - Rekstrarstjóri
- Tero Marin - Svæðisstjóri
- Matthew Dineen - Dagskrár- og samhfingarstjóri
- Sjöfn Ingvarsdóttir - Skóla- og Sumarbúðarstýra



SAMSTARFSVETTVANGUR BÍS

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samráðsvettvangur Bandalags Íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, KFUM og KFUK á Íslandi og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Tilgangur og markmið félagsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.

Ráðgjafahópur Æskulýðsvettvangsins
Hlutverk ráðgjafahópsins er að vera framkvæmdastýru ÆV innan handar í verkefnum félagsins. Í ráðgjafahópnum er einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi og situr Katrín Kemp Stefánsdóttir í hópnum fyrir hönd Skátanna.

Siðareglur

Siðareglur Æskulýðsvettvangsins eru þær siðareglur sem starfsfólk og sjálfboðaliðar BÍS starfa eftir. Siðareglurnar eru í stöðugri þróun og tóku smávægilegum breytingum á aðalfundi félagsins. Útbúið

hefur verið námskeið um samskiptahluta siðareglanna og vinna við uppfærslu á námskeiðinu kláraðist í upphafi árs. Fyrsta námskeiðið fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða var haldið í mars 2023 en að auki var útbúið netnámskeið út frá námskeiðinu sem er aðgengilegt á heimasíðu ÆV.

Verkefni Æskulýðsvettvangsins

Verkefni ÆV eru fjölbreytt en snúa að mestu leyti að því að standa fyrir námskeiðum sem miða að því að fræða starfsfólk og sjálfboðaliða aðildarfélaganna um málefni er lúta að hagsmunum þátttakenda í starfi félaganna.

Námskeiðadagskrá

Það er mikilvægt að öll sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð og viti hvernig á að bregðast við þegar upp koma atvik eða áföll í starfinu. Eitt af markmiðum Æskulýðsvettvangsins er að stuðla að aukinni fræðslu og forvörnum í íþrótt- og æskulýðsstarfi á Íslandi í þeim tilgangi

að gera umhverfi barna og ungmenna í félagsstarfi öruggara. Námskeið ÆV eru einn mikilvægasti liðurinn í því en breyting varð á starfsemi vettvangsins árið 2023. Áður hafa aðildarfélög ÆV óskað eftir námskeiðunum inn í sín félög eftir þörfum en nú eru þau sameiginleg fyrir öll aðildarfélögin og fara fram eftir námskeiðaáætlun.

Árið 2023 voru eftirfarandi námskeið haldin samkvæmt námskeiðadagskrá Æskulýðsvettvangsins:

- Hinsegin fræðsla
- Samskipti og siðareglur
- Inngilding og fjölmennung
- Verndum þau
- Skjánotkun barna og ungmenna

Að auki býður Æskulýðsvettvangurinn upp á eftirfarandi námskeið

- Vinnustofa um inngilding og fjölmennungu
- Einelti í íþrótt- og æskulýðsstarfi
- Hatursorðræða
- Netnámskeið í barnavernd
- Netnámskeið um samskipti og siðareglur



AÐRAR NEFNDIR OG SAMTÖK

WAGGGS, World Association of Girl Guides and Girl Scouts

Tengiliður: Sunna Líf Þórarinsdóttir

WOSM, World Organisation of the Scout Movement

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

European Region WAGGGS

Tengiliður: Sunna Líf Þórarinsdóttir

Samstarfsnefnd Norrænu skátabandalaganna

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir, Sunna Líf Þórarinsdóttir

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsráð

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsvettvangurinn

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Norræna æskulýðsnefndin

Tengiliður: Skátamiðstöðin

FOSE, Friends of Scouting in Europe

Tengiliður: Júlíus Aðalsteinnsson



Kærar þakkir fyrir árið 2023



SKÁTARNIR

